

Reglur um leyfi starfsfólks til þátttöku í íþróttamótum.

Heimilt er stjórnendum innan þeirra marka er reglur þessar ákveða að veita starfsfólki leyfi frá störfum án skerðingar fastra launa til að taka þátt í íþróttamótum, enda fái þeir ekki greiðslu vegna vinnutaps frá öðrum aðilum. Leyfi þetta takmarkast við leikmenn, fararstjóra og þjálfara vegna þátttöku í Ólympíuleikum, heimsmeistaramótum, Evrópumeistaramótum, Norðurlandamótum og landskeppni. Frekari skilyrði fyrir leyfisveitingum eru:

a) Allajafna skal umsókn um leyfi berast stjórnenda minnst mánuði fyrir brottför. Í umsókninni skal greina frá mótisdögum og ferðaáætlun.

b) Leyfið skal bundið við þann tíma er íþróttamótið stendur auk ferðadaga. Ekki er stjórnenda heimilt að veita starfsfólki leyfi með launum til æfinga eða dvalar í æfingabúðum né til einkaerinda sem ætlað er að fella saman við keppnisferðina.

Hér má finna reglur um leyfi kennara til þátttöku í íþróttamótum í 5. lið sem þessar reglur byggja á: http://www.samband.is/media/fundagerdir-ln-og-felags-grunnskolakennara/LN-KI-fundur-nr.-49_2002.pdf